



VELHEPPNADAR AÐGERÐIR ÞAÐ ORÐ SEM FER AF MYC4 SEM SAMFÉLAGSLEGA ÁBYRGU FYRIRTÆKI HEFUR EKKI AÐEINS HVATT EINSTAKLINGA HELÐUR EINNIG YMIS FYRIRTÆKI TIL AÐ FJARFESTA Í AFRISKUM FYRIRTÆKJUM. STARFSEMI MYC4 GERIR ÖLLUM KLEIFT AÐ TAKA ÞÁTT Í SJÁLFBÆRRI ÞRÓUN AFRÍKU TIL FRAMTÍÐAR, OG VEGNA ÞESS AÐ MYC4 LEGGUR JAFNMIKLA ÁHERSLU Á FJÁRHAGSLEGA HAGKVÆMNI, SAMFÉLAGSLEGA ÁBYRGÐ OG UMHVERFISVERND, ER FYRIRTÆKIÐ ORÐIÐ EIN HELSTA FYRIRMYND ANNARRA FYRIRTÆKJA SEM VILJA EFLA SAMFÉLAGSLEGA ÁBYRGÐ SÍNA.

“Með því að fjárfesta í okkar eigin framboðskeðju græða allir,” segir Andreas Hansen innkaupastjóri hjá Toms Group. “Bændurnir geta fært út kvíarnar, Armajaro verður eftirsóttur viðskiptafélagi þeirra og Toms Group mun hagnýta frumkvæðið til að efla samfélagslega ábyrgð bæði innan fyrirtækisins og utan.

Sjálfbær samfélagsleg ábyrgð fyrirtækja MYC4

MYC4 gagnast einnig verkefnum er snúast um samfélagslega ábyrgð, sem gerir öllum kleift, jafnt einstaklingum sem stórfyrirtækum að taka þátt í sjálfbærri þróun Afríku framtíðarinnar. MYC4 leitast við að haga starfsemi sinni þannig að hún standi undir sér fjárhagslega, einkennist af samfélagslegri ábyrgð og sé fullkomlega vistvæn. MYC4 væntir þess að með fordæmi sínu hvetji það aðra til að stefna að sama marki.

Með starfsemi sinni gerir MYC4 aðilum sem reyna að koma góðu til leiðar, kleift að festa fé í fyrirtækjarekstri í Afríku. Hvort sem upphæðirnar eru litlar eða stórar skiptir mestu máli að starfsemi MYC4 hjálpar fólki að koma undir sig fótunum án þess að þiggja ölmusu. Þeir sem festa fé í atvinnustarfsemi með þessum hætti eiga sinn þátt í framförum fyrirtækjanna auk þess sem þeir hagnast.

Samfélagslegar nýjungar fyrirtækja

Hið sama á við í fyrirtækjunum. Fjárfestingar í sjálfbærri þróun framtíðar Afríku sem hluti af áætlun fyrirtækis um sjálfbæra, samfélagslega ábyrgð fyrirtækis, gerir því kleift að búa sig undir að taka þátt í slíkum verkefnum, fyrirtækinu sjálfu til hagsbóta og einnig samfélaginu er fram líða stundir. Með þessum hætti verður samfélagsleg ábyrgð fyrirtækja (corporate social responsibility – CSR) að samfélagslegri nýsköpun fyrirtækja (corporate social innovation – CSI).

Þegar CRS aðgerðum er beitt, er það eðlileg aðgerð í ljósi þeirrar ábyrgðar sem fyrirtæki telur sig hafa gagnvart viðskiptavinum, birgjum, starfsmönnum, hluthöfum, samfélaginu og öðrum sem hagsmuna eiga að gæta, að ógleymsdu umhverfinu, vegna starfsemi sinnar. Hins vegar koma til sögunnar með CSI nýjar fjárhagslega sjálfbærar viðskiptahugmyndir sem uppfylla samfélagslegar þarfir. Stundum er sagt að þeir sem stunda CSI séu samfélagslegir athafnamenn. Samfélagslegur athafnamaður er maður sem sér samfélagslegt vandamál og beitir aðferðum athafnamanna til að skipuleggja, setja á stofn og stjórna rekstri til að koma á samfélagslegum breytingum¹.

1. Wikipedia

MYC4 veitir fyrirtækjum tækifæri til að styrkja CSR og CSI aðstöðu sína með því að fjárfesta beint í framkvæmdum athafnamanna í Afríku. Fyrirtæki sem þegar eru með starfsemi í Afríku hafa einnig möguleika á að þróa hana áfram með því að festa fé í eigin framboðskeðju fyrirtækisins, þ.e. í tækni, mannauði, dreifingu og gæðum framleiðslunnar eða með því að reyna ný viðskiptalíkon.

Þrjár dæmisögur: Toms Group, Armajaro og Lett

MYC4 hefur á boðstólum margskonar töl fyrir fyrirtæki til að hrinda í framkvæmd CSR áætlunum og efla þær, hvort sem tilgangurinn er að láta gott af sér leiða, tenging við önnur vörumerki, uppbygging rekstrar, aðgerðir til að tryggja hollustu starfsfólks eða myndun teyma. Mörg fyrirtæki, þ.m.t. þau þrjú sem hér verður sagt frá, hafa þegar hagnýtt sér aðstoð MYC4 á þessu sviði.

Toms Group

Annað fyrirtæki sem tekið hefur upp aðferðir MYC4 við sóknarskipulagningu sína er danski súkkulaðiframleiðandinn Toms Group. Hver starfsmaður fékk í jólagjöf EUR 66 sem honum var frjálst að festa í valfrjálsum rekstri í Uganda. Auk þess voru stofnuð þrjú teymi til að keppa um bestu ávöxtun DKK 50.000 (EUR 6.700). Þetta var liður í innra starfi fyrirtækisins til að efla hollustu starfsfólksins og nú hefur það leitt til þess að fyrirtækið er farið af stað með annað verkefni sem beinist að þess eigin framboðslínu.

“Viðbrögð starfsfólksins hafa verið mjög jákvæð. Mörgum finnst sú hugmynd, að festa fé í afrískum smáfyrirtækjum, mjög spennandi og segjast stoltir að starfa hjá fyrirtæki sem lætur að sér kveða og sýnir samfélagslega ábyrgð í Afríku,” segir Jesper Møller, forstjóri Toms Group. “Sú hugmynd að láta gott af sér leiða og jafnframt efla eigið fyrirtæki hefur fengið mjög góðar undirtektir. Hún hefur leitt til þess að við erum að byrja á nýju verkefni af þessu tagi í Ghana.”

Í samvinnu við birginn sem sér fyrirtækinu fyrir kakóbaunum – fyrirtækja-samstæðuna Armajaro, sem verslar á heimsvísu með neyslúvörur og stundar auk þess fjármálaþjónustu – ætlar Toms að fjárfesta milliliðalaust í starfsemi kakóbænda úti á landsbyggðinni og hjálpa þeim þannig við að gera landbúnaðinn sjálfbæran. Toms styrkir ekki aðeins samfélagin á þessum stöðum, heldur kemur fyrirtækið með þeim hætti á tengslum við helsta viðskiptasvið sitt. Þetta átak í Ghana mun ekki aðeins bæta framboðsdegi Toms, því það gerir fyrirtækinu með þeim hætti kleift að gera strax grein fyrir samfélagslegu framlagi sínu í Ghana sem hluta af bæði innri og ytri CSR sóknarstýringu sinni.

Armajaro

Fyrirtækið Armajaro, sem hefur höfuðstöðvar í London og fæst meðal annars við kaffi- og kakóviðskipti svo og dreifingu þeirra vara, hefur tekið höndum saman við MYC4 með það fyrir augum að festa fé í framboðsdegi sinni í Ghana. Vegna þess að verði kakóbauna er miðstýrt af yfirvöldum landsins, er engin leið að auka bæði magnið og gæðin með því að greiða hærra verð fyrir baunirnar. Til að tryggja framboðið þarf að grípa til annarra ráða, og Armajaro hefur því ákveðið að koma upp samtengdu neti 45 verslana fyrir bændur. Í þessum búðum verður til sölu margskonar varningur sem bændurnir þurfa fyrir starfsemi sína, svo sem áburður, stígvél, axir, bakka, sveðjur, og margt fleira, við vægu verði sem byggist á magninnkaupum með afslætti frá hinum ýmsu heildsölum. Verslanirnar munu einnig veita hópplán til bænda svo að þeir geti lagt meira fé í reksturinn og aukið framleiðsluna.

“Sú hugmynd, að koma á fót verslanakegju til hagsbóta fyrir bændurna, varð til sem svar við markaðsaðstæðunum í Ghana. Með því að fjárfesta í starfsemi bændanna vonumst við til að þeir selji okkur baunirnar, en við sjáum einnig í þess tækifæri til að tryggja gæði varanna sem við kaupum. Með því að verslanirnar hafa áhrif á sölu og notkun áburðarins, getum við einnig tryggt að einungis áburður sem samþykktur er af viðkomandi yfirvöldum í Evrópu verði notaður. Þannig hækkum við verðið til bændanna,” segir Nicko Debenham, forstjóri hjá Armajaro.

MYC4 mun koma þarna við sögu með því að tryggja öflun þess fjár sem þarf til verkefnisins. Armajaro mun fjárfesta í MYC4 og afgangurinn kemur frá ýmsum öðrum sem einnig fjárfesta í MYC4. Armajaro mun sömuleiðis koma að málinu sem birgir og lánveitandi, en aðalumboðsskrifstofa Armajaro í Ghana leggur einnig sitt af mörkum - hún mun velja fyrirtæki til að fjárfesta í – héraðsskrifstofurnar, 45 að tölu, munu sjá um framkvæmdaatriðin við lánveitinguna.

Á sama hátt og Toms mun Armajaro setja saman teymi starfsmanna sem keppa sín á milli til að fá sem besta ávöxtun af fjárfestingunum í MYC4, og verður það hugsað sem aðgerð til að byggja upp teymisanda og hollustu starfsfólks gagnvart fyrirtækinu. Þessar aðgerðir munu jafnframt efla stöðu Armajaro meðal neytenda og efla ímynd fyrirtækisins sem ábyrgs markaðsaðila.

Lögfræðiskrifstofan Lett

Lögfræðiskrifstofan Lett er eitt fremsta fyrirtæki á sínu sviði í Danmörku og þegar nýtt húsnæði fyrirtækisins í Aarhus var tekið í notkun fyrir nokkru, var þeim til mælum beint til gesta við opnunina að þeir styddu "Lett foundation for Africa", sem þá var nýbúið að koma á laggirnar. Öllum framlögum verður beint sem fjárfestingum til fyrirtækja Afríku með milligöngu MYC4 markaðarins. Peter Rønnow, einn af eigendum Lett segir: "Við leggjum áherslu á að koma á langvarandi sjálfbærum vexti hjá framfaramönnum í álfunni, sem hafa góðar viðskiptahugmyndir en skortir fjármagn til aðgerða. Við erum sannfærð um að stofnun sjálfstæðra fyrirtækja sé eitt allrabesta ráðið til að útrýma fátækt og við erum mjög ánægð með að geta lagt eitthvað af mörkum með þessu framtaki."

Sjálfbær og vistvæn verkefni

Sjálfbær þróun er auðvitað mikilvæg fyrir allt líf á jörðinni, en hún snýst einnig um að bæta lífsgæði þeirra sem nú lifa og að tryggja það að komandi kynslóðir búi ekki við skarðan hlut. Þess vegna leitast MYC4 við að greiða fyrir fjárfestingum í verkefnum sem eru vistvæn og sjálfbær, eins og til dæmis vatnsveitur, sólarorku-verkefni og verkefni sem snúast um orkusparnað.

MYC4

Vegna þess að viðskipti eru eitt beittasta vopn sem til er gegn fátækt í heiminum, hefur MYC4 útbúið og látið fjárfestum í té öflugt verkfæri til að stofna og styðja við ný fyrirtæki og nýjungar í viðskiptaháttum í Afríku. MYC4 beinir fjármagn til "ófjármagnanlegra" verkefna og kemur á sambandi fólks sem hefur áhuga á viðskiptum með bestu markaðskjörum. Internetið er sá hvati til breyttra háttá sem mest munar um.

MYC4 leitast við að verða vettvangur þar sem saman kemur fjármagn, einstaklingar og þekking. Markmiðið er að koma á sjálfbærum viðskiptaháttum í Afríku.

Markmið MYC4 er að verða fyrsta fyrirtækið í heiminum sem verður í eigu allrar heimsbyggðarinnar. Í rauninni þýðir það að hluthafarnir yrðu ekki færri en 6,6 milljarðar. MYC4 stefnir að því að ná sambandi við 25.000 fjárfesta fyrir árslok 2008 og greiða fyrir fjárfestingum sem yrðu EUR 12,5 milljónir í meira en 5.000 fyrirtækjum í Afríku.

Höfuðstöðvar MYC4 eru í Kaupmannahöfn. Komið hefur verið á fót þróunarmiðstöð fyrir upplýsingatækni í Kampala í Uganda. MYC4 A/S var stofnað í maí 2006 sem samvinnuverkefni Mads Kjær, Kjaer Group A/S, og Tim Vang.

Nánari upplýsingar veitir:

Alette Heinrich Pramming

Head of Corporate Communications
MYC4 Danmark

MYC4 A/S

Frederiksholms Kanal 4, 4.
DK-1220 København K
Danmark

Sími: +45 7026 2015

Fax: +45 4926 2015

Tölvupóstur: info@myc4.com

www.myc4.com